

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu í Hveragerði.

1. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar, sem ekkert hafa til framfæris nema ellilífeyri, örorkubætur og tekjutryggingu, greiða ekkert fyrir veitta heimilishjálpi.

Hafi fyrrnefndir aðilar eftirlaun eða aðrar tekjur skulu þeir endurgreiða að $\frac{1}{3}$ hluta útlagðan launakostnað fyrir veitta heimilisaðstoð.

2. gr.

Í veikindatilfellum einstaklings um stundarsakir skal hann greiða fyrir veitta heimilishjálpi að fullu.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðis staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, með síðari breytingum, um heimilishjálpi í viðlögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Öll umferð ökutækja um göngugötuna í Hafnarstræti er bönnuð, nema takmörkuð umferð vegna vörulosunar og flutnings á sjúklingum og hreyfihömluðum að og frá heilsugæslustofnunum. Akstursstefna verður frá suðri til norðurs og til austurs sunnan Ráðhústorgs.

Allar bifreiðastöður í göngugötunni eru bannaðar, nema fyrir hreyfihamlaða. Hámarkshraði fyrrgreindra ökutækja um göngugötuna er 10 km miðað við klukkustund.

Akstur umhverfis Ráðhústorg verður óbreyttur, en bifreiðastöður leyfðar á Brekkugötu vestan torgsins.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 6. janúar 1983.

Elías I. Elíasson.